

## **Viðauki I við fjárhagsáætlun 2026**

### **1. Tilefni viðauka**

Á fundi stjórnar byggðasamlagsins dags. 30.03.2026 var samþykkt að auglýsa aðra stöðu náms- og starfsráðgjafa við skólaþjónustuna. Ekki liggur fyrir heimild fyrir ráðningunni í fjárhagsáætlun ársins og því er hér með lagður fram viðauki I við samþykktu fjárhagsáætlun til samþykktar í aðildarsveitarfélögum.

Ráðningin er metin nauðsynleg til að mæta þjónustubörf og stuðningi við nemendur í skólum innan svæðisins.

### **2. Fjárhagsleg áhrif viðauka**

Áætlaður heildarkostnaður vegna stöðugildisins fyrir tímabilið 1. ágúst 2026-31. desember 2026 er sem hér segir:

Launakostnaður fyrir 100% stöðugildi í 5 mánuði:

Áætlaður mánaðarkostnaður	860.000 kr.
Áætluð launatengd gjöld á mánuði	172.000 kr.
<b>Heildarkostnaður við stöðugildið 2026</b>	<b>5.160.000 kr</b>

### **3. Tillaga um breytingu á fjárhagsáætlun**

Lagt er til að fjárhagsáætlun ársins 2026 verði hækkuð um ofangreindan heildarkostnað til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum vegna ráðningar náms- og starfsráðgjafa.

Fjármögnun viðaukans er mætt með viðbótarframlögum frá aðildarsveitarfélögum í samræmi við samþykktu kostnaðarskiptingu í stofnsamningi byggðasamlagsins.

*Fyrir hönd stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnessýslu bs.  
Hulda Kristjánsdóttir, formaður stjórnar*